

VÍS FRÉTTIR

Forstjórastóll, hnakkur og gönguskór

Viðtal við
Finn Ingólfsson
forstjóra VÍS

Mikill léttir að hafa sjúkdómatryggingu

- segir Guðbjörn Svavar Ingvarsson,
sem fékk kransæðastíflu á besta aldri

Einstakt úrval
fjölskyldutrygginga
hvað varðar
verð og vernd



Forstjórastóll, hnakkur og gönguskór

„Það er margt líkt með pólitíkinni og viðskiptalífínu. Hvoru tveggja er krefjandi og útheimtir aga. Á báðum stöðum ertu að hafa áhrif á þitt nánasta starfsumhverfi, móta stefnu, gera áætlun og leggja línurnar fyrir framtíðina og vinna með fólki. Að því leyttinu til voru það ekki mikil umskipti að fara úr pólitíkinni og yfir í viðskiptalífið. Ég held hins vegar að viðskiptalífið krefjist meiri aga og stefnufestu,“ segir Finnur Ingólfsson, fyrrum ráðherra og seðlabankastjóri, sem þann 1. nóvember á síðasta ári tók við stöðu forstjóra VÍS af Axel Gíslasyni, sem gegnt hafði þeirri stöðu frá stofnun félagsins. Finnur er fæddur árið 1954, kvæntur Kristínu Vigfúsdóttur, barnahjúkrunarfræðingi og eiga þau þrjú börn á aldrinum 14-23 ára. En þótt hinn nýi forstjóri VÍS hafi ekki langan starfsaldur í tryggingageiranum, er víst að reynsla hans af fyrri störfum kemur sér vel - enda sat hann í heilbrigðis- og trygginganefnd þegar váttryggingalögin voru samþykkt auk þess sem tryggingamálin heyrðu undir ráðuneyti hans á meðan hann gegndi stöðu viðskiptaráðherra á árunum 1995-2000. Eins var hann aðstoðarmaður heilbrigðis- og tryggingaráðherra einmitt á þeim tíma sem Brunabótafélag Íslands og Samvinnu-tryggingar sameinuðust í Váttryggingafélag Íslands. Þegar hann var viðskiptaráðherra beitti hann sér fyrir sameiningu bankaefirlitsins og trygginga-

eftirlitsins í eina stofnun, fjármálaefirlitið, þar sem hann síðar sat í stjórn sem seðlabankastjóri um árabil.

„Ég var því ekki alveg ókunnugur tryggingamálunum þegar ég kom hingað til VÍS og vissi nokkuð um styrkleika og veikleika VÍS,“ segir Finnur í viðtali við VÍS fréttir seint í apríl þegar hann hafði setið sem forstjóri í liðlega hálfu ári. En hvernig hafa þessir fyrstu mánuðir í tryggingaheiminum komið forstjóra VÍS fyrir sjónir?

■ Margt að læra

„Þetta hefur verið annasamur tími - enda margt að læra og setja sig inn í. Fyrstu mánuðirnir hafa að mestu farið í að kynna sér málin og undirbúa stefnumótun og skipulagsbreytingar hér í VÍS. Eins hafa kaupin á Búnaðarbanka Íslands tekið nokkurn tíma. Ég sá alltaf fyrir mér ákveðna möguleika í sameiningu Búnaðarbankans og Kaupþings og samstarf þess banka við VÍS og nú er það allt að gerast.“

Sem kunnugt er gegndi Finnur stöðu seðlabankastjóra um 18 mánaða skeið og því vaknar sú spurning hvað hafi orðið til þess að hann söðlaði um og ákvað að breyta um starfsvettvang.

■ Miklir og skemmtilegir möguleikar í VÍS

„Þegar ég ákvað að hætta í pólitíkinni eftir um 20 ár og færa mig yfir í Seðlabankann,

vissi ég innst inni að það starf yrði engin endastöð á ferli mínum. Tíminn í Seðlabankanum var afar gefandi og lærdómsríkur - enda var ég þar á umbrotatímum í íslensku viðskiptalífi. Viðskiptalífið hafði alltaf heillað allt frá þeim tíma er ég rak litla þrjónastofu úti á landi. Þegar mér var svo boðið þetta starf sá ég einfaldlega mikla og skemmtilega möguleika í VÍS sem væri ógrandi að takast á við. Ég hef alltaf lifað eftir þeirri reglu að maður eigi að gripa tækifærin þegar þau gefast og það hef ég gert; VÍS er lifandi, öflugt og fjárhagslega sterkt fyrirtæki, þar sem flest hefur verið mjög vel gert - enda tek ég við ágætu búi,“ segir Finnur og telur að VÍS sé á ákveðnum tímamótum. Félagið sé fjárhagslega mjög öflugt og það skapi því ákveðin tækifæri, það er nýkomið á hlutabréfamarkað og nýir eigendur eru komnir að félaginu og samstarf við fjármálafyrirtæki skapa félaginu ný sóknarfæri.

■ Við viljum stuðla að öryggi og hugarró

„Ég sé fyrir mér að hlutverk tryggingafélaganna mun fara vaxandi á komandi árum. Þar munum við leggja okkur fram um að þjónusta einstaklinga og fjölskyldur sem þarfnast fjármálalegs öryggis og fyrirtæki og stofnanir sem þarfnast rekstrar- og fjármálaöryggis. Við munum leggja áherslu á að skapa viðskiptavinum okkar

það öryggi og þá hugarró sem er þeim nauðsynleg til að lifa ánægjulegu og árangursríku lífi.

En lífið er ekki bara saltfiskur og víst er að forstjóri VÍS hefur áhuga á fleiri málefnum en þeim er lúta að vinnunni. Hann er mikill útivistargarpur og gengur með vinahópum á fjöll á sumrin.

„Með þessum hópum höfum við gengið víða, m.a. nokkrum sinnum yfir Fimmvörðuháls, Laugavegin, í Fjörður, Lónsöræfin, víkurnar á Austurlandi og Hornstrandir a.m.k fjórum sinnum, svo fátt eitt nefnt. Fjölskyldan ákvað síðan að fara út í hestamennskuna árið 1996, en þá var yngsta dóttir okkar komin með mikinn áhuga og því ágætt að endurnýja kynnin við hrossin,“ segir Finnur og getur þess að sjálfur sé hann uppallinn á hestum - enda dvaldi hann löngum sumarlangt í sveit bæði í Skaftafellssýslu og svo í Sumarliðabæ í Rangárvallasýslu sem barn og unglundur. „Þar eignaðist ég minn fyrsta hest fyrir sumarhýruna mína og var mikið á hestum á þeim árum og keppti meðal annars nokkrum sinnum á mótum. Ég hætti síðan í hestamennskunni þegar ég fór í nám og nær allan tímann sem ég var í pólitíkinni. En bakterían var samt til staðar og nú eigum við hesthús á Andvarasvæðinu í Garðabæ og riðum út reglulega á veturna og vorin og förum auk þess árlega í langar ferðir á hestum á sumrin. Í ár er meiningin að ríða úr

Álftaveri austur á Kirkjubæjarklaustur, yfir Kúðafljótt, um Meðalland og Landbrot og út Mælifellssand. Það verður án efa mjög skemmtileg ferð.“

En hvernig er hægt að sinna öllum þessum áhugamálum og vera auk þess í krefjandi og tímafreku starfi, hvort sem það er á vettvangi stjórnmalanna eða viðskiptalífsins?

■ Hestamennska og úti-vera gefur mér aukna orku

„Það er allt hægt ef maður skipuleggur hlutina vel. Vinnutíminn er vissulega oft langur en þá er bara að nýta frítímann vel. Ég er sannfærður um að hestamennska og úti-vera almennt gefur mér aukna orku til að takast á við krefjandi verkefni. Það er að minnsta kosti afar streitulosandi að ganga úti í náttúrunni eða ríða út á góðum gæðingi. Eftir slíkt er maður eins og nýr,“ segir Finnur Ingólfsson, forstjóri VÍS, að lokum og kveðst hlakka til framtíðarinnar.

„Hjá VÍS er gott starfsfólk sem býr yfir gífurlegri reynslu og þekkingu. Ég er því bjartsýnn á að í sameiningu eigum við eftir að efla og styrkja Váttryggingafélag Íslands enn frekar, sem öflugt trygginga-, öryggis- og fjármálafyrirtæki - svo allir, eigendur, starfsfólk og viðskiptavinir, geti haft hag af og verið stoltir af því að tengjast því.“



Styrktarsamningur við Kraft endurnýjaður

Fulltrúar Lífis/VÍS hafa skrifað undir nýjan styrktarsamning við Kraft, stuðningsfélag ungs fólks, sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur þess. Lífis gerðist styrktaraðili Krafts árið 2001 og endurnýjar nú samning þar að lútandi til tveggja ára. Lífis og VÍS styrkja Kraft með beinum fjárframlögum og

stuðla þannig að því að samtökin geti haldið uppi mikilvægu starfi sínu í samfélaginu.

Um síðustu páska gaf „Kraftur – Stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur“ út bókina Lífis-Kraftur sem er upplýsingarit fyrir



Meðfylgjandi mynd var tekin við undirritun samningsins. Frá vinstri Ásgeir Baldurs og Sigurbjörn Gunnarsson frá VÍS og Lífis, Hildur Björk Hilmarsdóttir og Daníel Reynisson, frá Krafti.

einstaklinga sem greinast með krabbamein og aðstandendur þeirra. Frá stofnun stuðningsfélagsins KRAFTS 1. október 1999, hefur það verið á döfni að safna saman nauðsynlegum, nytsömum og áhugaverðum upplýsingum fyrir krabbameinssjúk-

linga og aðstandendur þeirra. Eitt af markmiðum félagsins er að stuðla að því að ekki þurfi að leita langt eftir grunnupplýsingum sem okkur finnst svo sjálfsagt að séu fyrir hendi þegar sjúkdómur greinist. KRAFTUR hefur unnið hörðum höndum að því að safna nytsömum upplýsingum saman í góðan gagna-

grunn og geta áhugasamir nálgast ritið hjá KRAFTI á pdf-formi á heimasíðu félagsins www.kraftur.org. Einnig mun dreifing á bókinni fara fram á krabbameinsdeildum sjúkrahúsanna til einstaklinga sem eru að greinast með krabbamein.

Ubezpieczenia rodzinne VÍS – Calosciowy pakiet ubezpieczeniowy dla rodziny

VÍS gefur út bækling á pólsku

„Um 150 útlendingar eru hér í bænum og þar af eru flestir Pólverjar. Bæði er um að ræða heilu fjölskyldurnar en einnig hafa margir eignast íslenska maka eins og gengur. Meiri hlutinn hyggst vera í bænum áfram. Þetta er mjög duglegt fólk. Það hefur verið talsvert um að þessir nýju íbúar bæjarfélagsins hafi verið að kaupa hér íbúðir, bæði á síðasta ári og einnig í ár. Það var því orðið aðkallandi að kynna tryggingamál fyrir þessum stóra hópi og því ekki að gera það á hans eigin tungumáli,“ segir Pétur Steinar Jóhannsson sem er þjónustustjóri VÍS í Ólafsvík.

Hann var einn af hvatamönnum þess að VÍS gaf út bæklinginn

„**Ubezpieczenia rodzinne VÍS – Calosciowy pakiet ubezpieczeniowy dla rodziny,**“ sem á íslensku útleiggst „**Fjölskylduvernd VÍS – Vátryggingarvernd fjölskyldunnar.**“ Í bæklingnum koma fram upplýsingar um helstu tryggingar VÍS, heimilistryggingar, ökutækjetryggingar, brunatryggingar og húseigna- og húseigendatryggingar.

„Fólkið er komið til að vinna hér og búa og því kviknaði hugmyndin að gefa því kost á að lesa um þjónustu VÍS á sínu eigin móðurmáli. Ekki svo að skilja að það eigi ekki að læra íslensku en það er auðvitað nauðsynlegt fyrir fólkið að hafa upplýsingar á máli sem það skilur vel þegar það kem-

ur fyrst. Þó að þeir sem hingað hafa flust hafi margir náð ótrúlega hratt tókum á íslenskunni eru allir þakklátir fyrir þessa útgáfu. Ég veit það vegna þess að fólk hefur komið hingað sérstaklega til að þakka fyrir.“

Pétur segir þessa nýju íbúa bæjarfélagsins hafa átt auðvelt með að aðlagast samfélaginu en stór liður í því sé að vel sé á móti þeim tekið og allt gert til þess að greiða götu þeirra. „Pólverjarnir hafa verið duglegir að læra íslenskuna og kynnast fólkinu. Flest er þetta verkafólk í fiskvinnslu og má segja að það haldi nánast uppi fiskvinnslunni í bæjarfélaginu. Þá eru margir sem stunda byggingavinnu,“ segir Pétur.



Jaunsz Jacunski og Aneta Jacunska og dóttirin Laura Maria.

Árangurinn af svona útgáfu kemur ekki að fullu í ljós á nokkrum dögum og vikum heldur mánuðum og árum en ég er mjög bjartsýnn,“ segir Pétur.

Barnabílastólar VÍS



Barnabílastólar VÍS eru af rakstur margra ára rannsókn á þúsundum umferðarslysa í Svíþjóð. Þeir uppfylla kröfur reglugerðar E-44-02 sem var í gildi þegar stólarirnir voru fluttir inn. Macro stóllinn (fyrir aldurshópin 6 mánaða til tveggja ára) og Midi stóllinn (fyrir aldurshópin tveggja og háls til 10 ára aldurs) hafa báðir verið endurprófaðir af löggiltum

fagaðilum á Íslandi og í Svíþjóð og uppfylla þeir öryggiskröfur skv. nýjustu reglugerðinni, E-44-03.

Macro er þaulhugaður í öllum smáatriðum en skelin sem umlykur barnið er úr höggpolnu harðplast með innbyggðum stálramma sem veitir hið sérstaka öryggi gegn hliðarárekstrum. Ekki má staðsetja stólinn í framsæti ef virkur loftþúði er þar, annars er

hægt er að staðsetja stólinn hvar sem er í bílnum.

Midi tekur við af Macro og hentar barninu svo lengi sem það þarf á stól að halda. Hægt er að hækka og lækka stólinn, eftir aldri barnsins. Midi snýr fram miðað við akstursstefnu og er festur með bílbeltinu. Hann veitir góðan stuðning við bak og hliðar barnsins og er með höfuðþúða. Einungis er

hægt að nota Midi þar sem þriggja punkta belti eru og gæta skal þess að loftþúði sé ekki virkur fyrir framan hann, sé hann notaður í framsæti.

Allir geta leigt barnabílastól VÍS - án tillits til annarra viðskipta við VÍS. Þeir viðskiptavinir félagsins, sem hafa fjölskyldutryggingu eða bílatryggingu í gildi, njóta helmingi lægri leigugjalds en aðrir.



Einstakt úrval fjölskyldutrygginga hvað varðar verð og vernd

Það er stefna VÍS að bjóða viðskiptavininum sínum fjölbreytta og góða tryggingarvernd. Þar sem tryggingarþarfarir fólks hafa verið að breytast hefur nú verið ákveðið að bjóða upp á enn fleiri valkosti. VÍS býður nú upp á nýja fjölskyldutryggingu sem hlotið hefur nafnið Festa. Þessi trygging er víðtæk fjölskyldutrygging á hagstæðu verði. F plús er þó enn víðtæk-



asta fjölskyldutryggingin hjá VÍS. VÍS fréttir tóku Jón Þór Gunnarsson deildarstjóra tali.

Að sögn Jóns Þórs voru þarfarir viðskiptavina VÍS skoðaðar gaumgæfilega og tekið tillit til þess að þær eru mismunandi, allt eftir stærð og umfangi heimilisins og fjölskyldunnar. „Við höfum alltaf lagt metnað okkar í að F plús sé besta fjölskyldutryggingin á markaðnum og með henni eru viðskiptavinir okkar að fá mjög góða tryggingarvernd. Hins vegar töldum

við rétt að bjóða viðskiptavininum okkar upp á fleiri valkosti. Því hönnuðum við nýja tryggingu sem heitir Festa og Kjarna. Einnig voru afsláttarkjör bætt verulega hjá viðskiptavinum sem eru með fjölskyldu- og heimilistryggingar hjá VÍS.“

„Með þessum breytingum verður úrval fjölskyldutrygginga hjá VÍS einstakt hvað varðar fjölbreytni, verð og vernd, sagði Jón Þór að lokum.“



Ásbjörn Björgvinsson
Hvalamiðstöðinni Húsavík

Ævintýrleg uppbygging Hvalamiðstöðvarinnar á Húsavík

Hvalamiðstöðin á Húsavík er án efa eitt af athyglisverðari söfnum landsins. Uppbygging hennar á undanförunum árum hefur í raun verið ævintýrleg undir styrkri stjórn forstöðumannsins, Ásbjörns Björgvinssonar. Þann 15. júní árið 2002 var safnið opnað í 1.200 m² húsnæði gamla sláturhúss Kaupfélags Þingeyinga en safnið var áður til húsa í 200 m² verbúð við Húsavíkurbönd.

Gestir Hvalamiðstöðvarinnar voru 18.300 talsins frá 15. júní til ársloka í fyrra og voru það einkum erlendir ferðamenn. „Það var einnig gaman að sjá hve margir Íslendingar sóttu safnið heim og voru þeir flestir alveg gapandi hissa og áttu greinilega ekki von á safni í þessum gæðaflokki,“ segir Ásbjörn sem áætlað er að 20.000 gestir heimsæki Hvalamiðstöðina í sumar.

Í Hvalamiðstöðinni er margt að sjá og skoða. Þar nægir að nefna beinagrindur af hvólum, barnaherbergið „Gula kafbát-

inn“ og hvalamyndbönd, auk margvíslegra upplýsinga um hvali, hvalveiðar og hvalaskoðun við Ísland. Í safninu er einnig 120 m² fyrirlestra- og ráðstefnusalur með bókasafni og setustofu.

■ Í öruggum höndum

Að sögn Ásbjörns voru öryggismál eitt af því fyrsta sem haft var í huga við uppbyggingu safnsins. Ásbjörn hannaði sjálfur öryggiskerfið í góðu samstarfi við Brunamálastofnun. „Við vildum minnka brunarálag eins mikið og hægt væri og draga sem mest úr hættu á brunatjóni. Þetta er stórt húsnæði og hýsir margvíslega starfsemi auk þess sem almenningur hefur hér aðgang og því afar mikilvægt að þessir hlutir séu í lagi. Það kom fljótlega í ljós þegar ég fór að skoða öryggismálin að í raun var bara eitt tryggingafélag sem vildi sýna okkur stuðning sinn í verki og það var Vátryggingafélag Íslands. Að koma þess að tryggingamállum safnsins er til mikillar fyrir-



myndar og mun stuðningur þess meðal annarra hjálpa safninu að verða sjálfbært á næstu árum en það er eitt af grundvallaratriðum í svona rekstri að hafa hlutina vel tryggða og hagsmunum okkar er án efa best borgið hjá VÍS. Við höfum tekið hér á móti starfsmannahópi frá VÍS og er það von okkar að samstarf okkar nýtist báðum aðilum vel á komandi árum,“ segir Ásbjörn.

■ Endurnýting og Ora dósir

Við uppbyggingu safnsins var haft að leiðarljósi að endurnýta sem mest af efni sem fyrir var í húsinu með það markmið að lágmarka kostnað og halda sem mest í upphafleg karaktereinkenni hússins. „Ofnarnir í byggingunni eru gamlir, mörgum húsögnum var ekið hingað í stað þess að færa á ruslahaugana, hluti af gólfviðnum er úr vinnuþöllum sem notaðir voru við uppbygginguna og svona mætti lengi telja. Við breyttum húsinu eins lítið og mögulegt var

og sem dæmi um árangurinn er gaman að segja frá því að gamlir starfsmenn sláturhússins sem komið hafa í heimsókn hafa verið mjög hrifnir og segja að andrúmsloftið sé nánast það sama og það var í gamla daga,“ segir Ásbjörn. Lýsingin í safninu hefur vakið mikla athygli gesta enda er hún afar óhefðbundin. Meginuppistaðan í ljósunum eru gasbrenndar Ora niðursuðudósir með halógen perum og hentar sú lýsing safninu afar vel auk þess að vera ódýr lausn.

Þrátt fyrir mikla endurnýtingu og sparnað er safnið hið glæsilegasta og verður enginn svikinn af heimsókn í það.

■ Hvalamiðstöð Evrópu?

Eftir það mikla uppbyggingarstarf sem unnið hefur verið við Hvalamiðstöðina mætti ætla að nú hefði safnið náð þeim stalli sem það ætlaði sér. En stöðnun er ekki á dagskránni hjá Ásbirni og framtíðardraumar hans fyrir hönd safnsins eru stórir.

„Vaxtarmöguleikar safnsins felast að miklu leyti í rannsóknum á dýrunum sem við höfum stundað hér síðustu fjögur ár í samvinnu við Haf- rannsóknastofnun og hús- víska hvalaskoðunarfyrirtækið Norðursiglingu. Fyrirhuguð uppbygging á Fræðasetri og Náttúrustofu hér á svæðinu mun þá líklega tengjast starfsemi okkar og einnig mun safnið gegna hlutverki í tengslum við líffræðimenntun í skólunum hér í kring. Langtímaáætlunin er svo að taka allt húsnæðið í notkun og breyta þessu í Hvalamiðstöð Evrópu en ég hef ekki enn fundið jafnoka okkar á þessu sviði á erlendri grundu þrátt fyrir nokkra leit. Það styrkir okkur í þeirri trú að við eigum að geta gert enn betri hluti hér á Húsavík. Barnið er fætt og farið að skriða og nú er bara að láta það ganga,“ segir Ásbjörn Björgvinsson, bjartsýnn á húsviska hvalaframtíð.



Lífis

„Mikill léttir að hafa sjúkdómatryggingu“

– segir Guðbjörn Svavar Ingvarsson, sem fékk kransæðastíflu á besta aldri

„Ég var alltaf með sting á milli herðablaðanna og verk sem leiddi fram í brjóstið. Mér var sagt að þetta væri bara svona slæm vöðvabólga og tók bólgueyðandi lyf við því. Mig grunaði ekki að þetta tengdist hjartanu,“ segir Guðbjörn Sv. Ingvarsson um fyrstu ein-kenni hjartaáfalls er hann varð fyrir á síðasta ári.



Guðbjörn er fæddur árið 1956, starfsmaður ISS á Hellu síðan í nóvember á síðasta ári og sjálfstæður atvinnurekandi að auki. Hann er kvæntur og þriggja barna faðir. Guðbjörn segist hafa verið að störfum á vinnuvél í Holtunum þegar hann áttaði sig á að verkurinn kynni að vera tengdur hjartanu.

„Þá fékk ég einnig þyngsli fyrir hjartað auk þess sem verkurinn hvarf ekki. Ég áttaði mig strax á að þetta var alvarlegt og keyrði eins hratt og ég gat heim og hafði samband við lækni.“

Guðbjörn var umsvifalaust fluttur með sjúkrahúsið á

spítala í Reykjavík þar sem hann greindist með kransæðastíflu og var í kjölfarið hjartaþræddur. „Þá kom í ljós stífla við eina aðalæðina til hjartans og var ég þá „blásinn“ eins og það er kallað, auk þess sem settir voru gormar og gúmmí í æðina til þess að halda henni opinni.“ Guðbjörn segir að honum hafi létt um leið og þetta var gert. „Allur verkur hvarf á svipstundu – enda komst blóðið sína leið,“ segir hann hress í bragði. Hann kvæðst aðspurður hafa verið nokkra mánuði að jafna



Guðbjörn ásamt Íris eiginkonu sinni og hundinum Gutta.

sig eftir þetta áfall og á meðan gat hann ekki unnið úti.

„Við hjónin höfum alltaf lagt mikið upp úr því að vera vel tryggð og það kom sannarlega í ljós þegar jarðskjálftarnir riðu yfir en þá vorum við vel tryggð fyrir skemmdum á húsinu, sem urðu miklar. Ég var með svokallaða slysatryggingu sem sjálfstæður atvinnurekandi en þegar mér bauðst Lífis sjúkdómatrygging hjá VÍS, ákvað ég að slá til og sé ekki eftir því núna,“ segir hann en bætir við að hann hefði gjarnan viljað hafa trygginguna hærri. „En sjúkdómatryggingin bjargaði öllu fyrir okkur. Ég hefði einfaldlega orðið gjaldþrota án hennar,“ segir hann og talar um að fólk sé almennt of værukært gagnvart því að tryggja sig fyrir sjúkdómum. „Ég var ekki verr á mig kominn líkamlega en flestir aðrir; ég hreyfði mig mikið, hætti að reykja fyrir nokkrum árum og er tiltölulega grannur. Sem sagt ekki í áhættuflokki. Samt sem áður kom þetta fyrir mig.“

Guðjón segist ekki hafa farið að vinna fyrr en rúmlega hálfu ári eftir áfallið og ekki verið með nein veikindaréttindi þar sem hann var sjálfstæður atvinnurekandi.

„Margir átta sig ekki á því að aðrar tryggingar ná ekki yfir sjúkdóma og því er nauðsynlegt að vera vel tryggður gagnvart ýmsum hættulegum sjúkdómum. Ég reiknaði t.d. ekki með því að þetta gæti komið fyrir mig – en reynslan sýnir annað. Mér fannst hjartaáfall alltaf tengjast gömlu fólkni en þegar ég var á spítalanum sá ég tiltölulega unga, tággranna menn sem voru að berjast við þennan sjúkdóm. Þetta getur því hent alla.“ Guðbjörn segist aldrei hafa lagt í þunglyndi vegna þessa en segist vera þakklátur fyrir að sjúkdómurinn skyldi ekki vera kominn á alvarlegra stíg.

„Ég lærði þó margt af þessari lífsreynslu og þá sérstaklega það að kunna að meta raunveruleg gildi lífsins. Að því leyttinu til breytti þetta áfall lífsviðhorfum

mínum. Nú hef ég lært að hlusta á eigin líkama og hef t.d. breytt mataræði mínu og reyni að hreyfa mig meira. Þetta er eins og falinn eldur og enginn veit hver er næstur.“ Hann hvetur fólk til þess að tryggja sig vel gegn sjúkdómum, að hans mati jafn sjálfsagt og að tryggja eignir sínar. „Það er víst nógu slæmt að verða fyrir þessu svo maður þurfi ekki í ofanálag að hafa áhyggjur af fjármálunum,“ segir hann að lokum.

RD

Hafðu samband við þjónustuver VÍS í síma 560 5000 eða kíktu á www.vis.is



Áhyggjulaus í fríð með SOS kortið!

Þeir viðskiptavinir VÍS sem hafa F plús eða Festu njóta afar góðra trygginga á ferðalögum erlendis. Þeir geta því ferðast áhyggjulausir.

Ferðatryggingar þær sem eru innifaldar í F plús og Festu gilda á ferðalagi hvar sem er í heiminum í allt að 92 daga samfelld og gilda fyrir alla fjölskylduna sem heldur sama heimili og á sama lög-

heimili. Hafið samband við þjónustuver VÍS eða næstu þjónustuskrifstofu og fáið þar staðfestingu á tryggingunni og svokölluð SOS kort.

Komi til slyss eða veikinda á ferðalagi erlendis er SOS kortinu framvísað á sjúkrahöfnun og geta viðskiptavinir haft samband við SOS International sem hefur höfuðstöðvar í Danmörku. Þar

geta starfsmenn vísað á bestu fánalegu lækniástoð og veitt fyrsta flokks ráðgjöf.

VÍS býður vitaskuld einnig upp á sérstakar ferðatryggingar fyrir þá sem ekki njóta verndar úr F plús eða Festu.

Munið eftir SOS kortunum og njótið ferðalagsins áhyggjulaus.

Fyrirtæki	Starfstöð
Armur ehf.	Skeifunni 5
Réttingaverkstæði Þórarins sf.	Grettisgötu 87
Bílaíðn ehf.	Suðurlandsbraut 6
Glitur ehf.	Suðurlandsbraut 16
BGH-réttingar ehf.	Vagnhöfða 12
Bifreiðaverkstæði Árna Gíslasonar hf.	Tangarhöfða 8-12
Bílamálun Halldórs Þ. Nikulássonar sf.	Funahöfða 3
Bílaréttingar/bílasprautun Sævars ehf.	Bíldshöfða 5a
GB Tjónaviðgerðir ehf.	Draghálsi 8
H. Jónsson ehf.	Smiðshöfða 14
IS. Bílasprautun og rétting ehf.	Smiðshöfða 12
Réttingamiðstöðin	Eldshöfða 15
Réttverk ehf.	Viðarhöfða 2
Víkúros ehf.	Bíldshöfða 18
B.B. bílaréttingar ehf.	Viðarhöfða
Bílastjarnan (Kar ehf.)	Bæjarflöt 10
Bílanes	Bygggördum 8
ALP-bílaverkstæði ehf.	Skemmuvegi 20
Bifreiðaverkstæði Björns Pálmasonar ehf.	Smiðjuvegi 40 D
Bifreiðaverkstæði Jónasar ehf.	Skemmuvegi 46
Bílaréttingar og sprautun Varmi ehf.	Auðbrekku 14
Bílasprautun og réttingar Auðuns	Nýbýlavegi 10
Lakkhúsið ehf.	Smiðjuvegi 48
Lakkskemman ehf.	Skemmuvegi 30
Lakksmiðjan ehf.	Smiðjuvegi 4e
P. Samúelsson	Nýbýlavegi 8
Réttingaverkstæði Erlings Sigurðssonar	Smiðjuvegi 20
Réttingaverkstæði Hjartar	Smiðjuvegi 56
Réttingaverkstæði Jóa ehf.	Dalvegi 16
Réttingaverkstæði Trausta ehf.	Smiðjuvegi 18
Réttingaþjónustan sf.	Smiðjuvegi 40
Réttir bílar ehf.	Kársnesbraut 98
Bílamálun Alberts	Stapahrauni 1
Bílaspítalinn ehf.	Kaplahrauni 1
Bílaverk ehf.	Kaplahrauni 10
Smart réttingar	Kaplahrauni 10
Bílasprautun Magga Jóns ehf.	Iðavöllum 11
Bílasprautun Suðurnesja ehf.	Smiðjuvöllum 6
Ný-sprautun ehf.	Grófinni 7
Bílar og hjól ehf.	Njarðargötu 11a
Bílbót sf.	Bolafæti 3
G.G. Bílasprautun ehf.	Njarðarbraut 15
Bílamálunin Örninn ehf.	Flugumýri 16b
B. S. A. hf.	Laufásögðu 9
Bifreiðaverkstæði Bjarna Sigurjóns ehf.	Laufásögðu 5
Bílamálun Agnars ehf.	Gagnheiði 38

Nú eru ökutækjastjórnar tækjastjórnar metin á bifreiðaverkstæðum

- bætt þjónusta við tryggingataka



Páll Breiðfjörð yfirmaður þjónustumiðstöðvar VÍS í Kópavogi

Nýlega var hjá VÍS tekið í gagnid tjonamatskerfið CABAS. Kerfið býður upp á mikla hagræðingu fyrir þá sem lenda í tjonum og óhöppum í umferðinni. VÍS fréttir ræddu við Pál Breiðfjörð, yfirmann þjónustumiðstöðvar VÍS í Kópavogi, um nýja kerfið og hverju það breytir fyrir tjonþola.

„Með CABAS kerfinu stýttist á tími sem viðskiptavinurinn þarf að verja í tjonid. Hann þarf ekki lengur að koma á þjónustuskrifstofu VÍS og sýna tjonid og fara þaðan á verkstæði. Nú getur hann farið beint til þess þjónustuaðila sem hann kys, hafi verkstæðið gert samkomulag um þjónustu við VÍS.

Þannig fækkar líka þeim aðilum sem viðskiptavinurinn þarf að hafa samskipti við vegna tjoninsins,“ segir Páll og bætir við að þetta hafi mikla hagræðingu í för með sér fyrir alla aðila. „Viðskiptavinurinn getur nú farið beint á verkstæðið. Ávinningur VÍS er að viðskiptavinir verða ánægðari með þjónustuna, þeir þurfa ekki að fara manna á milli til að fá úrlausn sinna mála.“

Það vill enginn lenda í umferðaróhappi en því miður eru þau alltof algeng. Þeir sem ekki hafa lent í óhappi vita sjaldnast hvert ferlið er og því lá beint við að spyrja Pál hvað fólk á að gera, lenti það í tjonu. „Hafi ekki orðið slys á fólk fylla ökumenn beggja

ökutækja út framhlið tjonstilkynningarinnar og skrifa báðir undir. Þeir fylla svo út bakhliðina hvor í sínu lagi. Sé ökutækia í ökuhæfu ástandi keyrir fólk beint á næsta CABAS verkstæði sem er með samning við VÍS og getur skilað inn tjonstilkynningunni þar. Ferlið hefur með þessu styst mjög mikið.“

Við birtum hér lista yfir þau CABAS verkstæði sem VÍS hefur gert samkomulag við en einnig er hægt að nálgast upplýsingar um verkstæðin á næstu þjónustuskrifstofu VÍS og á Netinu www.vis.is.


KÁI



ÖRYGGISMIÐSTÖÐ ÍSLANDS

Öryggiskerfi fyrir fjölbýlishús

- nýjung frá Öryggismiðstöð Íslands



Öryggismiðstöð Íslands er frumkvöðull í öryggismálum fyrir einstaklinga og fyrirtæki og hefur verið leiðandi í vörubrúun. Nýjasta þjónustan frá Öryggismiðstöðinni er svokölluð Brunagæsla fyrir fjöleignarhús. VÍS fréttir tóku Bergstein R. Ísleifsson, framkvæmdastjóra Öryggismiðstöðvarinnar og Guðmund K. Erlendsson tali og spurði þá út í kerfið.

Beinast lá við að spyrja Bergstein að því hvað felist í brunagæslu. „Brunagæsla er sjálfvirk brunaviðvörðunarkerfi sem er beintengt við stjórnstöð Öryggismiðstöðvar Íslands. Það er vaktað allan sólarhringinn, allan ársins hring og þannig tryggjum við að rétt sé brugðist við boðum frá kerfinu því öryggisvörður og slökkvilið er boðað á staðinn ef hættuástand skapast“, segir Bergstein. En hvernig er Brunagæsli sett upp? „Grunnbún-

adurinn samanstendur af stjórnstöð sem sett er upp í sameign og þremur skynjurum sem einnig eru settir upp í sameignina. Aðeins er greitt mánadargjald af gæslunni, en hún er tengd sérstakri símalínu og kostnaður við rekstur símalínunnar er innifalinn í mánadargjaldinu. Sjálf er stöðin mjög lítil og nett og ekkert uppsetningargjald er innheimt. Íbúar þurfa ekki að hugsa fyrir rafhlöðum eða slíku því starfsfólk Öryggismiðstöðvarinnar fær

skilaboð frá kerfinu þegar rafhlöður klárast eða ef einhver aftengir skynjara. Þannig geta íbúar verið öruggir um að allir skynjarar séu virkir og í lagi. Þá er líka hægt að bæta við skynjurum inn í hverja íbúð og er greitt lágt viðbótargjald fyrir hvern skynjara. Allir skynjarar eru tengdir við stjórnstöðina,“ segir Guðmundur og telur það auka öryggið því starfsfólk stjórnstöðvar Öryggismiðstöðvarinnar getur greint nákvæmlega hvaðan úr húsinu boðin berast.

Bergsteinn segir kerfið henta öllum húsum - „hvort sem þau eru stór eða lítil. Kerfið er sett upp þannig að það henti aðstæðum hverju sinni. Eldsvóðar verða jafnt í stórum

húsum sem litlum og gömlum húsum sem nýjum. Fólk í eldri húsum, jafnvel timburhúsum, ætti sérstaklega að huga að kerfinu og má leiða líkur að því að eldsvóðinn á Laugavegi hefði ekki valdið jafnmiklu tjonu ef sambærilegt kerfi hefði verið til staðar.“ Guðmundur vill líka benda á að oft eru börn ein heima yfir miðjan daginn og hafa þá stundum freistast til að elda. „Þá skapast mikil eldhætta því börn kunna ekki að bregðast rétt við hættunni. Þá er algengt að enginn sé heima í fjölbýlishúsum nema börn og eldra fólk sem ekki er jafnfjót að bregðast við hættu úr öðrum íbúðum. Kvikni til dæmis í mannlusri íbúð getur eldurinn verið orðinn mjög

skæður áður en nokkur áttar sig á því. Með Brunagæslunni minnkar hættan umtalsvert,“ segir Guðmundur, sérfræðingur í öryggis- og brunavörnum hjá Öryggismiðstöð Íslands, sem hefur haldið fundi í fjöleignarhúsum um rétta staðsetningu brunavarna.

Nánari upplýsingar um kerfið eru veittar hjá Öryggismiðstöð Íslands, Borgartúni 31 í síma 530 2400 og í þjónustuveri VÍS sem opið er alla virka daga frá kl. 08:00-19:00 í síma 560 5000

TILBOÐ NR. 1



Peningaskápur / öryggishólf

Nauðsyn á hverju heimili

Traustur stálskápur 15,1 l. Hægt að bolta við vegg eða gólf. Rafeindastýrður talnalás með lykli.
 Utanmál: Hæð 349 mm, dýpt 269 mm.
 Innanmál: Hæð 244 mm, breidd 343 mm, dýpt 180 mm.
 Þyngd 21 kg.

Viðskiptavinir VÍS fá tvo jóníska reykskynjara fría með og spara þannig 3.440 kr.



Venjulegt verð 16.750 kr.

► **Tilboðsverð 15.530 kr.**

Þú sparar 1.220 kr.

TILBOÐ NR. 2



Heimagaesla, öryggiskerfi

Þráðlaust öryggiskerfi fyrir heimili tengt Öryggismiðstöð Íslands allan sólarhringinn.

Grunnkerfið samanstendur af eftirfarandi búnaði:

- 1 stk. stjórnstöð
- 1 stk. hurðarrofa
- 1 stk. hreyfiskynjara
- 1 stk. fjarstýringu
- 1 stk. reykskynjara
- 1 stk. vatnsskynjara

Aðeins er greitt mánaðargjald.

Heimagaesla með útkallsþjónustu er aðeins í boði á höfuðborgarsvæðinu, Akranesi, Húsavík, Sauðárkróki, Selfossi og í Reykjanesbæ.

Með viðbót hentar kerfið einnig fyrir sumarbústaði og skemmtibáta.

Nánari upplýsingar veitir Öryggismiðstöð Íslands í síma 530 2400.

Venjulegt verð 4.986 kr.

► **Tilboðsverð 4.200 kr.**

Þú sparar 786 kr.

Viðskiptavinir VÍS greiða ekki fyrir júní, júlí og ágúst 2003. Fyrsta greiðsla er í september 2003.

TILBOÐ NR. 3



Öryggislás fyrir húsvagna

BIMLOOK 2005 lásinn passar á flestar gerðir húsvagna og kerrubeisla.

Þetta er sérlega einföld og örugg læsing, sem útilokar að hægt sé að hengja vagninn eða kerruna aftan á dráttarkúlu sé lásinn á tenginu.

Að auki fá viðskiptavinir VÍS veglegan sjúkrapúða í kaupbæti.



Venjulegt verð 13.687 kr.

► **Tilboðsverð 10.990 kr.**

Þú sparar 2.697 kr.

TILBOÐ NR. 4

Sumartilboð fyrir heimilið, vinnustaðinn og sumarbústaðinn

Lyfjaskápur

Járnskápur með lykklalæsingu.
 Stærð : Breidd 30 cm, hæð 39 cm, dýpt 12 cm.
 Hentar vel á heimilið, vinnustaðinn eða í sumarbústaðinn.



Brunaslanga Villa

Lipur og þægileg bruna- og vinnuslanga, tengist beint á venjulegan þvottahúskrana og festist á vegg. Stúturinn festist á slönguna með hraðtengi, sem gefur möguleika á að tengja t.d. garðúðara, þvottakústa o.fl. á slönguna.
 Stoppkrani fylgir. Slangan er 26,5 m löng.



Duftslökkvitæki 6 kg.

Öflugt duftslökkvitæki ætlað á alla elda. Hentar vel á heimilið, í sumarhúsið, verkstæðið eða í stærri bíla.



Venjulegt verð 26.075 kr.

► **Tilboðsverð 19.025 kr.**

Þú sparar 7.050 kr.

Viðskiptavinir VÍS fá í kaupbæti eldvarnarteppi 90 x 90 cm og jóníska reykskynjara.

Tilboðin gilda til 1. september 2003 eða á meðan birgðir endast.



Lítið eða stórt, einfalt eða margbrotið
VÍS býður nú fjölbreyttari tryggingar fyrir fjölskyldur og heimili
 — og veitir þér alla afslætti strax

Útgefandi: Vátryggingafélag Íslands. Ritstjórn: Gerður Björk Guðjónsdóttir. Ábyrgðarmaður: Eggert A. Sverrisson. Uppsetning: Flon ehf. Prentun: Prentmet.

Plús	Festa	Kjarni	Heimilistrygging	Innbústrygging
Trygging á innbúi	Trygging á innbúi	Trygging á innbúi	Trygging á innbúi	Innbústrygging
Ábyrgðartrygging einstaklings	Ábyrgðartrygging einstaklings	Ábyrgðartrygging einstaklings	Ábyrgðartrygging einstaklings	Verð 6.053 kr. á ári eða 504 kr. á mánuði*
Málskostnaðartrygging	Málskostnaðartrygging	Málskostnaðartrygging	Verð 6.492 kr. á ári eða 541 kr. á mánuði*	
Fritímaslysartrygging	Fritímaslysartrygging	Fritímaslysartrygging		
Farangurstrygging erlendis	Farangurstrygging erlendis	Verð 8.825 kr. á ári eða 735 kr. á mánuði*		
Sjúkrakostnaðar- og ferðarofstrygging á ferðalögum erlendis	Sjúkrakostnaðar- og ferðarofstrygging á ferðalögum erlendis			
Umönnunartrygging barna	Verð 13.406 kr. á ári eða 1.117 kr. á mánuði*			
Verð kr. 17.943 á ári eða 1.495 kr. á mánuði*				

*Iðgjöld með afslætti vegna eins bíls þar sem það á við, með opinberum gjöldum án stimpilgjalds, í maí 2003. Vátryggingarverðmæti innbús kr. 4.500.000. Bótasvið og bótafjárhæðir eru mismunandi eftir tryggingum.



VÍS fjölskylduvernd

Fjölskylduhagir eru með ýmsu móti en allir eiga það þó sameiginlegt að þurfa tryggingu við hæfi. Til að koma til móts við mismunandi þarfir býður VÍS mjög breitt úrval trygginga fyrir fjölskyldur og heimili, því ætti enginn að vera ótryggður. Nýjasta afurðin í þessum flokki er Festa, sem veitir víðtæka vernd á hagstæðum kjörum.

Það gildir einu hvort heimilið er lítið eða stórt, einfalt eða ríkulega búið. Í því eru fólgin verðmæti fyrir hvern og einn ef til tjóns kemur. F plús,

Festa, Kjarni, Heimilistrygging og Innbústrygging eru tryggingar ætlaðar einstaklingum og fjölskyldum. Bótasvið hvernar tryggingar og iðgjöld eru mismunandi þannig að allir ættu að geta fundið tryggingu við sitt hæfi. Hafðu samband við VÍS og við metum með þér hvað hentar í þínu tilvik.

Nánari upplýsingar um tryggingarnar er að finna í skilmálum þeirra.



þar sem tryggingar snúast um fólk

Hringdu í síma 560 5000 og fáðu sendan bækling um fjölskylduvernd VÍS.

Þjónustuver VÍS svarar fyrirspurnum í síma 560 5000 eða á upplýsingar@vis.is. Vátryggingafélag Íslands, Ármúla 3, 108 Reykjavík, www.vis.is